

10. janúar 2020

UNG-YRKJA

YRKJA er starfsþróunarverkefni á vegum Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnanna. Nú er komin reynsla af fimm Yrkju-verkefnum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nýlega var tekin sú ákvörðun að lengja umsóknarfrest hefðbundinnar Yrkju með SÍ og auglýsa næst eftir umsóknum fyrir Yrkju VI sem hefst vorið 2021. Jafnframt var ákveðið að hleypa nokkurs konar tilraunaverkefni af stað, UNG-YRKJU þar sem leitað er í brunn næstu kynslóðar nýrra tónskáld með það fyrir augum að finna þá aðila sem þegar brenna fyrir því að semja verk fyrir hljómsveit.

Hér er því auglýst eftir umsóknum um þátttöku í **UNG-YRKJU með Sinfóníuhljómsveit Íslands** sem stendur yfir frá **3. apríl 2020 til 29. janúar 2021**. **UNG-YRKJU lýkur með frumflutningi verka á Yrkju-tónleikum SÍ á Myrkum músíkdögum 2021.**

Markmið YRKJU er að veita nýjum tónskáldum hagnýta reynslu. Verkefnið undirbýr ný tónskáld fyrir faglega vinnu með hljómsveitum, kammersveitum, tónlistarhópum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Tónskáldið fær tækifæri til að þróa hæfileika og listrænan metnað, fær starfsreynslu og myndar mikilvæg tengsl innan tónlistargeirans.

Að þessu sinni bjóða Tónverkamiðstöð og Sinfóníuhljómsveit Íslands í samstarfi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands tónsmíðanemum á háskólastigi að verja tímabilinu frá **3. apríl 2020 til 29. janúar 2021** í UNG-YRKJU undir handleiðslu **Önnu Þorvaldsdóttur**, staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitarinnar. Tónsmíðanemarnir munu fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar, þróa færni sína í að semja verk fyrir sinfóníuhljómsveit og að endingu verða verkin flutt á sérstökum tónleikum á **Myrkum músíkdögum 2021**. Tónskáldin munu jafnframt fá tækifæri til að vinna náið með hljóðfæraleikurum í sérstökum tónskáldastofum. Verkefnisstjórn YRKJU hvetur bæði karla og konur að sækja um.

Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og eru þátttakendur í YRKJU hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. YRKJA hlúir að öllum þáttum starfsferils tónskáldanna og felur verkefnið í sér viðtöl í Tónverkamiðstöð um starfsumhverfi tónskáldins eins og framsetningu nótna, kynningarmál, styrkjamöguleika og fleira. Þeir nemendur tónsmíðabrauta Listaháskóla Íslands sem komast að í UNG-YRKJU geta sótt um að fá verkefnið metið til eininga.

Sjá nánar á næstu síðum.

Umfang

- Tónskáldið skal semja 5 til 10 mínútna hljómsveitarverk (sjá hljóðfæraskipan) á verkefnistímanum og fær tækifæri til að vinna það í vinnustofum, tónskáldastofu og hljómsveitaræfingum undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur.
- Verkið skal vera fyrir staðlaða stærð SÍ (hljóðfæraskipan: 2222-4331 pk. 3slv. pno. hp. str.), án einleikara, rafhljóða, eða aukahljóðfæraleikara.
- Gert er ráð fyrir a.m.k. 30 starfsstundum þar sem tónskáldin starfa í samvinnu við hljómsveit og mentor
- Tónskáldið kynnist innviðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands; tónleika- og hljómsveitarstjórnun, nótnasafni, markaðssetningu og fræðslustarfi, fundum um áætlanagerð, æfingaplani, tónleikum og upptökum. Gæti innfalið tíma með hljóðfæraleikurum á æfingatíma til að prófa einstök hljóðfæri eða þróa hugmyndir.
- Tónskáldið kynnist starfsemi Tónverkamiðstöðvar og nýtur ráðgjafar varðandi nótnauppsætningu og skil á nótum til flutnings.

Skuldbindingar

- Tónskáldið fær aðgang að öllum æfingum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verkefnistímanum.
- Tónskáldið mætir á kynningardag Sinfóníunnar í Hörpu.
- Tónskáldið þróar hljómsveitarverk undir handleiðslu mentors verkefnisins.
- Tónskáldið mætir í viðtöl hjá Tónverkamiðstöð og kynningu á starfsemi miðstöðvarinnar.
- Tónskáldið hefur samráð við og þiggur ráðgjöf frá Tónverkamiðstöð varðandi uppsetningu og frágang á hljómsveitarnótum.
- Tónskáldið skal skrá og skila fullunnum og prenthæfum nótum (raddskrá og pörtum) til Tónverkamiðstöðvar á rafrænu formi (pdf) sem miðstöðin útbýr á pappír fyrir hljómsveitina.
- Tónskáldið skuldbindur sig að skila nótum til Tónverkamiðstöðvar á tilgreindum skiladegi (bæði milli- og lokaskilum).
- Tónskáldið mætir í Tónskáldastofu hjá SÍ, allar vinnustofur með mentor og er viðstatt aðalæfingu fyrir tónleika
- Tónskáldið skilar SÍ texta um verkið til birtingar í efnisskrá.
- Tónskáldið skal vera viðstatt flutnings verksins/YRKJU-tónleika.
- Umsækjandi skuldbindur sig að mæta í öll viðtöl, vinnustofur, tónskáldastofur og tónskáldahittinga verkefnisins. Sjá nánar í tímalínu.
- Umsækjandi skuldbindur sig til að gefa verkefninu góðan tíma og sinna því sem því einstaka tækifæri sem það er.
- Með þátttöku í verkefninu gefur það tónskáld sem er valið kost á sér í kynningu fyrir verkefnið, t.d. með ljósmyndun, viðtölum við fjölmiðla o.fl. í þeim dúr eftir því sem þörf krefur.

Innihald umsóknar

- Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og sími.
- Tenglar á heimasíður og samfélagsmiðla eftir því sem við á.
- Mynd af umsækjanda.
- Ferilskrá (CV) – hámark 2 A4 bls.
- Ferilsaga (Biography) – hámark 100 orð.
- Umsóknartexti þar sem umsækjandi segir frá því af hverju hún/hann hefur áhuga á að taka þátt í verkefninu. Hámark ein blaðsíða í A4 stærð. Vinsamlegast tilgreinið eftirfarandi atriði:
 - Hugmynd að verki sem þú vilt vinna á verkefnistímanum
 - Af hverju hefur þú áhuga á að taka þátt í verkefninu?
 - Hvað telur þú að þú munir læra af þátttöku í verkefninu?
- Raddskrár/skor/partitúr að tveimur til fimm verkum. Með verkunum má gjarnan fylgja upptaka eða vídeó, en það er þó ekki nauðsynlegt.

Hver getur sótt um?

- UNG-YRKJA er opin öllum tónsmíðanemum á háskólastigi, óháð aldri umsækjenda.
- Umsækjendur verða að hafa íslenska kennitölu.

Ef umsókn uppfyllir ekki ofatalin skilyrði verður hún ekki tekin til greina.

Tímalína

Birt með fyrirvara um breytingar

DAGSETNING	VERKÞÁTTUR
1. febrúar 2020	Auglýst eftir umsóknum.
15. mars 2020	Umsóknarfresti lýkur.
1. apríl 2020	Tónskáldaval tilkynnt – Svör við umsóknum.
3. apríl 2020	Heimsókn þátttakenda til Sinfóníuhljómsveitarinnar, kynning á starfsemi.
3. apríl 2020	Vinnustofa – Mentor og tónskáld.
3. apríl 2020	Viðtal og kynning í Tónverkamiðstöð.
	Tímasetning eftir samkomulagi tónskálda og Tónverkamiðstöðvar.
23. júní 2020	Milliskil á nótum til Tónverkamiðstöðvar fyrir Tónskáldastofu SÍ
18. ágúst 2020	Tónskáldastofa. Æfing með mentor, hljómsveitarstjóra og hljómsveit. Dagsetning staðfest síðar.
Október/Nóvember 2020	Vinnustofa – Mentor og tónskáld.
	Tímasetning eftir samkomulagi tónskálda og Mentors
Október/Nóvember 2020	UNG-YRKJU kynning hjá Listaháskóla Íslands.
	Yrkju-tónskáld, mentor verkefnisins og framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar kynna verkefnið, tónverkin og ferlið. Nákvæm tímasetning ákveðin síðar.
1. desember 2020	Lokaskil á nótum til Tónverkamiðstöðvar fyrir uppskerutónleika UNG-YRKJU.
26. janúar 2021	Æfingar SÍ fyrir Myrka músíkdaga og YRKJU.
29. janúar 2021	Uppskerutónleikar UNG-YRKJU (hljóðprufa og tónleikar).

29. janúar 2021 Viðtal hjá Tónverkamiðstöð.

Valferli

Valnefnd er skipuð þremur aðilum sem fara yfir allar umsóknir. Nefndin er skipuð mentor verkefnisins sem jafnframt er formaður valnefndar, einum aðila frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands og einum aðila frá Tónverkamiðstöð sem jafnframt skal vera tónskáld. Tveir til fjórir tónsmíðanemar á háskólastigi verða valdir til þátttöku í UNG-YRKJU. Dómnefnd leitast við að viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í verkefninu. Öllum umsóknum verður svarað og er niðurstaða dómnefndar endanleg. Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar er verkefnisstjóri YRKJU og annast samskipti við umsækjendur og valnefnd.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 15. mars 2020

Umsóknarfrestur stendur til miðnættis **15. mars 2020** og skal skila umsóknum rafrænt í tölvupósti á netfangið vala@mic.is. Vinsamlegast setjið „**UNG-YRKJA MEÐ SÍ, UMSÓKN**“ í efnislínu (subject).

Öll gögn skulu send á **pdf** formi (enginn umsóknartexti skal vera í meginmáli tölvupóstsins), nema mynd sem má vera **jpg** eða **png-skjal**, í **góðum gæðum**. Hljóðdæmum og vídeóum skal skilað sem **tengli á vefsvæði** s.s. Vimeo, YouTube, Soundcloud eða Dropbox.

Vinsamlegast sendið allar fyrirspurnir um umsóknir í tölvupósti til Valgerðar G. Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar á vala@mic.is.